EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3388

Rekstraraðili Arnarlax ehf. kt: 5803100600	**Tegund starfsemi** Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	**Starfsleyfisnúmer:** **Gildistími starfsleyfis** 29. febrúar 2028
Starfsstöð Fossfjörður	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 6. október 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0155	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu** 17. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Silja Baldvinsdóttir	Gæðastjóri

Niðurstaða eftirlits

Engin ný frávik komu fram í eftirliti. Ein ábending var sett fram varðandi staðsetningu á QR kóðanum fyrir öryggisblöð efna.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá Arnarlaxi í Fossfirði í Arnarfirði, þann 6. október 2026. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem heimilt er að framleiða allt að 3.000 tonnum af laxi á einu almanaksári með þeim takmörkunum að hámarksframleiðsla á hverjum þremur árum skal samtals vera 4.500 tonn og lífmassi á hverjum tíma skal ekki fara yfir 3.000 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
3. Eftirlitsmælingar og skráningar

4. Áætlanir og viðbrögð
5. Umgengni og aðkoma kvíar
6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Þrjú frávik kom fram í eftirlitinu árið 2025, hafði þeim öllum verið lokað áður en eftirlit árið 2026 fór fram.

2. Ársyfirlitinu fyrir árið 2025 og umhverfisupplýsingum var skilað inn 30. apríl 2026. Svæðið er búið að vera í hvíld síðan haustið árið 2022.

3. Tilkynnt var um útsetningu í Fossfjörð 18. júní 2026 og hvíldarsýnartöku var skilað inn sama dag. Útsetning seiða var 19. ágúst -28. ágúst 2026. Hvíldarsýnartaka var framkvæmd 29. apríl 2026, svæðið fékk góða einkunn eftir hvíld.

4. Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda var til staðar í eftirlitinu.

5. Farið var í skoðunarferð í kvíar og pramma á Fossfirði. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.

6. Geymsla á efnum er fullnægjandi. Rekstraraðila er bent á að hafa á QR kóðinn með öryggisblöðum þar sem efnin eru geymd.

Ábendingar

Rekstraraðila er bent á að hafa á QR kóðinn með öryggisblöðum þar sem efnin eru geymd.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.